



Ólafsfjörður 9. maí 2012

Almennt útboð á elduðum mat fyrir nemendur og starfsfólk í Grunnskóla Fjallabyggðar í 1.-7. bekk í Ólafsfirði

Óskað er eftir tilboði í eldaðan hádegismat handa nemendum og starfsmönnum skólans í Ólafsfirði í 1.- 7. bekk. Gert er ráð fyrir að skólinn hefjist 27. ágúst 2012 og ljúki 7. júní 2013 og að nemendur fái heita máltíð í hádeginu frá 28. ágúst – 6. júní.

Fjöldi nemenda / starfsmanna og tími:

Nemendur borða í tveimur hópum og verða u.þ.b. 100 talsins. Starfsmenn eru um 15 alls. Undanfarin ár hafa 85-95% nemenda í 1.-7. bekk borðað eldaðan mat í hádegi en óvíst um fjölda starfsmanna.

Nemendur eru 30 mínútur í hádegismat á tímabilinu 11.30-12.30, 5 daga vikunnar, eða samkvæmt skóladagatali Grunnskóla Fjallabyggðar.

Bjórðandi:

- Eldar matinn.
- Flytur matinn í móttökueldhús skólans í hitakössum og sækir hitakassana að máltíð lokinni.
- Afgreiðir matinn ásamt starfsmanni skóla.
- Ber ábyrgð á að matur sé nægur fyrir nemendur.
- Greiðir launakostnað vegna síns starfsmanns í hádegi.

Óskað er eftir:

Tilboði í verð pr. nemanda / starfsmann.

Sýnishorni af matseðli til 8 vikna.

Staðfestingu á samþykktu starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti.

Nýlegri eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlits.

Upplýsingum um framleiðslustað, aðstöðu og búnað í eldhúsi og flutningsmáta frá eldhúsi í skóla.

Upplýsingum um menntun og / eða reynslu starfsfólks.

Gæðakröfur:

Bjórðandi skal uppfylla ákvæði úr reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvæli sem bjórðandi selur skulu uppfylla öll þau skilyrði sem um þau gilda samkvæmt lögum og reglugerðum. Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla til heilbrigðiseftirlit, ef hann telur þörf á.

Matseðill skal vera í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar sem finna má í Handbók fyrir skólamötuneyti frá 2005.

Fylgst skal með nemendum sem eru með ofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum og skulu þeir fá annars konar heita máltíð.
Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla til starfsmann heilbrigðiseftirlits, ef hann telur þörf á.

Tímabil samnings:

Samningstími er **tvö ár, frá 27. ágúst 2012 – 7. júní 2014.**

Vísitöluviðmið:

Verð tekur breytingum samkvæmt þróun vísitölu neysliverðs og reiknast árlega þann 1. september.

Tilboð sendist til:

Karítasar Skarphéðinsdóttur Neff, fræðslu- og menningarfulltrúa á skrifstofu Fjallabyggðar, Ólafsvegi 4, 625, Ólafsfirði og skulu hafa borist **fyrir kl. 14.00, 30. maí 2012.** Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Fjallabyggðar, Ráðhúsi, Gránugötu 24 sama dag kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Kaupandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Vakin er athygli á því að heimilt er að senda inn frávíkstilboð ef ofangreint fyrirkomulag hentar ekki bjóðanda.

Upplýsingar:

Hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu Lýðheilsustöðvar (lydheilsustod.is – útgefið efni – bækur, bæklingar, kennslufni og skýrslur – næring og holdarfar – handbók fyrir skólamötuneyti) og á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkur, en þar má finna;

Gæðahandbók skólamötuneyta útg. Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar.
Lög um matvæli frá 1995.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu.

Reglugerðir og auglýsingar á matvælasviði.

Fæðuofnæmi og fæðuóþol – upplýsingar fyrir matreiðslufólk í skólamötuneytum.

Nánari upplýsingar veitir:

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu- og menningarfulltrúi

f. h. Fjallabyggðar:

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff
Fræðslu- og menningarfulltrúi